



Hagkvæmt húsnæði

Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðilum um uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði á völdum reitum í borginni.

Í vetur auglýsti Reykjavíkurborg eftir hugmyndum til að auka framboð á hagkvæmu húsnæði fyrir meðal annars ungt fólk og fyrstu kaupendur. 68 aðilar sendu inn hugmyndir og voru þær meðal annars kynntar á málþingi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Nú er komið að öðrum fasa verkefnisins þar sem umsóknir um reiti sem lýsa uppbyggingu á tilteknum svæðum verða metnar á grundvelli matslíkans.

Reitirnir sem um ræðir eru í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, í Gufunesi, í Bryggjuhverfi við Elliðaárvog, við Stýrimannaskólann, á Veðurstofureit og í Skerjafirði. Skipulag þessara svæða er mislangt á veg komið. Gert er ráð fyrir því að samstarfsaðilar komi inn í þróunar- og deiliskipulagsvinnu og geti þannig haft áhrif á endanlegt deiliskipulag.

Umsóknir skal senda í síðasta lagi **20. júní 2018**.

Nánari upplýsingar um verkefnið ásamt matsblaði má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/hagkvaemt-husnaedi

